



Júní 2012

Rannsóknaráætlun

Rannsókn á aðgerðum barnaverndar vegna barna sem bíða tjón af áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra

Rannsóknin er unnin að beiðni velferðarráðuneytisins.

Velferðarráðuneytið

Ábyrgðarmaður: Þorgerður Benediktsdóttir lögfræðingur.

Rannsóknarteymi

Hildigunnur Ólafsdóttir Ph.D. sérlegur ráðgjafi velferðarráðuneytisins við rannsóknir á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum.

Kristný Steingrimsdóttir M.A. félagsráðgjafi.

Markmið verkefnisins

- 1) Að kanna hversu hátt hlutfall barna sem barnaverndin hefur afskipti af hefur orðið fyrir tjóni af völdum neyslu foreldra á áfengi, ólöglegum vímuefnum og lyfjum.
- 2) Að kanna viðbrögð og úrræði barnaverndar.

Bakgrunnur

Árið 2010 kom út skýrsla velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. Skýrslan var árangur rannsóknarverkefnis um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum ([*Skýrsla velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum*](#)). Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011). Spurningakönnun um ofbeldi í nánnum samböndum sýndi að 59% ofbeldismannanna voru undir áhrifum áfengis eða vímuefna þegar konurnar voru beittar ofbeldinu. Bráðabirgðaniðurstöður úr tilraunaverkefni Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldis¹ leiddu í ljós að 68% ofbeldismanna voru undir áhrifum áfengis eða vímuefna í útköllum lögreglu vegna heimilisofbeldis þar sem börn voru á heimili (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, munnleg heimild 23. apríl 2012).

Heildarneysla áfengis á íbúa 15 ára og eldri jókst úr 6.3 lítrum í 7.5 lítra frá 2001 til 2007. Efnahagahrúnið leiddi til þess að áfengisneysla dróst sama úr 7.5 lítrum í 6.7 lítra frá 2007 til 2011 (Ársskýrsla ÁTVR 2011). Þegar litið er til lengri tíma hefur áfengisneysla kvenna farið vaxandi. Þess vegna er aukin áhætta á að báðir foreldra noti áfengi og vímuefni í þeim mæli að börn geti orðið fyrir tjóni vegna þess.

¹ Starfsmaður barnaverndar kemur á heimilið um leið og lögregla er kölluð út vegna ofbeldis á heimili og börn eru á heimilinu.



Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur með alþjóðlegri stefnumörkun beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að draga úr því tjóni sem neytandi áfengis skapar öðrum eins og börnum og öðrum hópum sem eru í sérstakri áhættu.

Rannsóknir á áhrifum áfengisneyslu á aðra en eingöngu neytandann hafa verið að þróast í mörgum löndum á síðustu árum, er lokið eða eru í undirbúningi. Rannsóknir á skráðum gögnum hafa líka verið framkvæmdar á sama efni í nokkrum löndum. Tvær rannsóknir á tjóni sem börn verða vegna drykkju foreldra, önnur frá Írlandi og hin frá Ástralíu, hafa verið hafðar til hliðsjónar íslensku rannsókninni (Hope 2011, Laslett et al. 2010).

Niðurstöður þessara rannsókna undirstrikuðu að misnotkun foreldra á áfengi og vímuefnum er stór þáttur í barnavernd og vanrækslu barna. Algengt er að tölvuskráning barnaverndar leyfi aðeins að ein ástæða sé tilgreind þegar mál eru tilkynnt til barnaverndar. Með því að nota slíkt skráningarkerfi var tilhneiging til að vanmeta þátt áfengis og vímuefna í barnaverndarmálunum. Í íslensku rannsókninni er þess vegna ekki hægt að nota þegar skráðar upplýsingar samkvæmt SOS-skráningarkerfi barnaverndarinnar heldur þarf að fara í frumgögn og skrá upplýsingarnar um neyslu áfengis og vímuefna sérstaklega.

Rannsóknaraðferð

Gögnum verður safnað hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Þýði rannsóknar er allar tilkynningar til barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilunum september, október og nóvember 2010 og febrúar, mars og apríl 2011. Heildarfjöldi tilkynninga er um það bil 2.200 og málafjöldi um það bil 1.700. Úrtak rannsóknar er tilkynningar þar sem getið er um neyslu foreldra á áfengi, ólöglegum vímuefnum og lyfjum.

Eftirfarandi upplýsingar verða skráðar í gagnasafnið:

- Tilkynningaraðili.
- Ástæður tilkynningar.
- Lýðfræðilegar upplýsingar um börn og foreldra; aldur, uppruni, atvinnuþátttaka, fjölskyldugerð og neysla foreldra á áfengi, ólöglegum vímuefnum og lyfjum.
- Ferill máls og stuðningsúrræði barnaverndar, úrskurðir; tímabundið eða varanlegt fóstur og úrskurðir og ákvarðanir barnaverndar; eftirlit, fyrirmæli um aðbúnað, neyðarráðstöfun og barni skipaður talsmaður.

Gerðar verða innihalds- og þemagreiningar á gögnum og notuð lýsandi tölfræðigreining.

Siðfræði

Upplýsingar úr málaskrárn barnaverndar verða kóðaðar samkvæmt gátlista sem saminn var sérstaklega fyrir rannsóknina. Gögnin verða ekki persónugreinanleg. Persónuvernd gaf leyfi fyrir rannsókninni.



Hagnýting niðurstaðna

Rannsóknin getur væntanlega svarað eftirfarandi spurningu: Væri það til hagsbóta fyrir börn og foreldra þeirra ef barnaverndin fengist við tjón barna af völdum neyslu foreldra á áfengi og vímuefnum sem sérstakt vandamál? Slík nálgun myndi væntanlega efla vitund og auka á árvekni hvað varðar áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra og gera stuðningsúrræði markvissari. Gerðar verða tillögur um meiri þjónustu við börn sem verða fyrir tjóni af völdum áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra ef ástæða þykir til.

Tímaáætlun

Gagnasöfnun: 18. júní til 31. ágúst 2012.

Úrvinnsla gagna og skýrsluskrif: September–október 2012.

Lokaskýrsla: Nóvember–desember 2012.

Heimildir

Ársskýrsla ÁTVR 2011. Reykjavík, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Hope, A. (2011). Hidden realities: Children's Exposure to Risks from Parental Drinking in Ireland. Letterkenny, Ireland: North West Alcohol Forum Ltd.

Laslett, A-M., Catalano, P., Chikritzhs, T., Dale, C. Doran, C., Ferris, J., Jainullabudeen, T., Livingston, M., Matthews, S., Mugavin, J, Room, R., Schlotterlein, M & Wilkinson C. (2010). The Range and Magnitude of Alcohol's Harm to Others. Fitzroy, Victoria: AER Centre for Alcohol Policy Research, Turning Point Alcohol and Drug Centre, Eastern Health.

Skýrsla velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. (Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011). Reykjavík: Velferðarráðuneytið.